



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

FANT1FO2

Fantasy fótbolti

Kennari:	Guðmundur Garðar Sigfússon (GGS) guðmundurg@fsu.is
----------	--------------------------------------------------------------------------------------------------

Áfangalýsing:

Nemendur kynna heimi Fantasy fótbolta og læra að byggja upp lið, stjórna því yfir heila leiktíð í ensku úrvalsdeildinni og nýta tölfræði, taktík og stefnumótun til árangurs. Nemendur afla sér þekkingar á leikmannamarkaði, stigakerfi, reglugerðum og fjölbreyttum leiðum til að hámarka árangur í leiknum. Einnig er lögð áhersla á félagslega þáttinn, samskipti og liðsheild innan minni deilda (t.d. innan bekkjar), sem og að huga að heilbrigðum leikjavenjum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu reglum Fantasy fótbolta í ensku úrvalsdeildinni
- Stigagjöf og hvernig hún tengist frammistöðu leikmanna á vellinum
- Hvernig hægt er að vinna með hóp (smádeildir, bekkjar- eða vinahópar) á jákvæðan hátt
- Efnahags- og viðskiptalegum þáttum (verð leikmanna, fjárhagsstjórnun innan leiksins)
- Samfélags- og fjölmiðlaumræðu tengdri ensku úrvalsdeildinni og Fantasy fótbolta

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Velja og stjórna liði í Fantasy fótbolta með markvissri ákvarðanatöku
- Beita greiningum, tölfræði og skapandi hugsun við liðaval
- Skipuleggja og stjórna minni keppnum innan bekkjar eða hóps
- Nýta sér upplýsingatækni og miðlalæsi til að fylgjast með fréttum, meiðslum og leikmannabreytingum
- Setja sér markmið og áætlun yfir leiktíðina

- Rökstyðja val sitt og ræða stefnu við aðra í hópnum

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Taka upplýstar ákvarðanir um liðaval út frá gögnum og aðstæðum hverju sinni
- Vinna með öðrum í jákvæðu og hvetjandi umhverfi
- Skipuleggja og halda innri deild eða viðburð tengdan Fantasy fótbolta
- Miðla þekkingu sinni, t.d. með því að útbúa kynningu, stutt kennslumyndband eða grein
- Tengja leikinn við breiðari þekkingu á fótbolta, íþróttamenningu og jafnrétti

Námsefni:

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar.	Verkefni 1 Kynning og rök fyrir liði sínu.
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar.	Verkefni 2 4. vikna plan fyrir liðið sitt
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars.	
13 - 16	7.- 30. apríl		Próf – Leikreglum leiksins

17 - 19	4.- 11. maí	Lokadagur 11. maí	Uppgjör
---------	-------------	-------------------	---------

Sérreglur áfangans:

Nemendur verða að vera með lágmarkseinkunn 5,0 til þess að standast áfangann. Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu. Nemendur með opið vottorð eru ekki undanþegnir reglu er varðar mætingu og virkni. Notkun snjallsíma er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara, brot á því getur varðað fjarvist. Kynnið ykkur vel skólasóknarreglur!!!

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1	Kynning og rök fyrir liði sínu	30%
Verkefni 2	4. vikna plan fyrir liðið sitt	20%
Próf	Úr leikreglum leiksins	20%
Mæting og virkni	Mæting/virkni/gengi liðsins	30%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.

- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfoss, 7.1.2026

Guðmundur Garðar Sigfússon